

## Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn að Glerárgötu 26, 10. apríl 2012 kl. 17.00



Mætt voru: Þröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson og Áslaug Kristjánsdóttir. Áslaug var fundarritari í fjarveru Margrétar.

Frá Svifflugfélaginu mættu Jón Magnússon og Sigtryggur Sigtryggsson.

Fundur haldinn með Svifflugfélagi Akureyrar.

Rætt var um bréf er barst 27. mars 2012 vegna mögulegrar úrsagnar þeirra úr ÍBA.

Þröstur fór mjög vel yfir hlutverk ÍBA og sagði að 3ja ára aðlögunartími þeirra væri ekki liðinn.

Þeir sögðu frá samskiptum sínum við Akureyrbæ. Niðurstaðan er að þeir geri kostnaðaráætlun og geri grein fyrir hvernig félagið er rekið. Þeir geta leitað til ÍBA um skýrsluskil og annað er fylgir því að vera innan ÍBA.

Ákveðið er að þeir ræði við Akureyrarbæ til að fá aðlögunartímamann styttann. Allur misskilningur var leiðréttur og allir skildu sáttir.

Þing ÍBA fer fram á Hótel KEA 25. apríl kl 18:00. Boðið verður upp á léttar veitingar og kaffi.

Ákveðið að halda vinnufund kl 17:00 mánudaginn 16 apríl.

Fundarritari Áslaug Kristjánsdóttir

Fundi var slitið kl. 18

Fundarritari Áslaug Kristjánsdóttir